

## Tillaga

**Viðtakandi:** Bæjarráð

**Efni:** Tillaga vegna tilraunaverkefnis - Förum alla leið – Samþætt þjónusta í heimahúsum

**Dags:** 12. júlí 2023

**Málsnúmer:** 202306162/-

**Sendandi:** Sigurbjörg Fjölinsdóttir, Framkvæmdastjóri velferðarsviðs

---

### Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki að Mosfellsbær sækir um að taka þátt í tilraunaverkefninu *Förum alla leið – Samþætt þjónusta í heimahúsum*, sem er einn liður í aðgerðaáætlun stjórnvalda um farsæla öldrun og er til fjögurra ára.

Jafnframt er lagt til að sótt verði um að þjónustusvæði Kjalarness, sem tilheyrir Reykjavíkurborg, verði hluti af tilraunaverkefninu og samtal tekið við Kjósarhrepp um þátttöku Kjósar í verkefninu.

### Greinargerð:

Þann 8. júní sl. auglýsti félags- og vinnumarkaðsráðuneytið eftir samstarfi við sveitarfélög og heilbrigðisstofnanir sem hafa áhuga á að vinna að þróunarverkefni um samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk í heimahúsum sem byggir á grunni aðgerðaráætlunarinnar *Gott að eldast*. Slík samþætting felur í sér að rekstur þjónustunnar sé veitt af einum aðila, hvort sem um er að ræða stjórn á mannafla eða fjármálum.


Valin verða sex svæði til þátttöku og er skilyrði fyrir þátttöku að aðilar sem reka heimahjúkrun og stuðningsþjónustu séu sammála um að þjónustan verði veitt af hálfu eins aðila; sveitarfélags, heilbrigðisstofnunar eða þriðja aðila. Markmið verkefnisins er að skoða kosti og galla þess að samþætta rekstur heimaþjónustu og er til fjögurra ára.

Gert er ráð fyrir að sex þjónustusvæði verði valin til þátttöku í tilraunaverkefninu. Mosfellsbær sinnir þegar ákveðnum hluta af stuðningsþjónustu fyrir Kjósarhrepp. Kjalarnes er hluti af Reykjavíkurborg, en staðsett mitt á milli Kjósar og Mosfellsbæjar. Þar sem sérstaklega er gert ráð fyrir þjónustusvæðum í tilraunaverkefninu liggur beinast við að skoða Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjósarhrepp sem eitt þjónustusvæði, með tilliti til landfræðilegrar hagræðingar sem og til að auka möguleika á að fá samþykkt inn í verkefnið.

### Skipulag heimaþjónustu á svæðinu

Skipulag heimaþjónustu hjá Reykjavíkurborg er samþætt þar sem heimahjúkrun og stuðningsþjónusta er veitt af velferðarsviði Reykjavíkur. Sú þjónusta er veitt frá Árbæ til íbúa Kjalarness og keyra því starfsmenn borgarinnar í gegnum Mosfellsbæ til að sinna þjónustunni þar. Skipulag þjónustu Kjósarhrepps felur í sér að Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) veitir heimahjúkrun. Velferðarsvið Mosfellsbæjar tekur á móti umsóknum og metur þörf fyrir stuðningsþjónustu hjá íbúum Kjósarhrepps en Kjós hefur séð um framkvæmd þeirrar þjónustu sjálf. Þrír aðilar veita heimahjúkrun til íbúa Mosfellsbæjar en Eir hjúkrunarheimili hefur séð um framkvæmd stuðningsþjónustu. Þessu er betur lýst á meðfylgjandi mynd. Þar má sjá að heimahjúkrun í Mosfellsbæ er á hendi þessa þriggja aðila. Meðan

heimþjónusta er samþætt fyrir íbúa Eirhamra og framkvæmd af Eir sinnir HH heimahjúkrun fyrir íbúa utan Eirhamra á dagvinnutíma en velferðarsvið Reykjavíkurborgar fyrir íbúa utan Eirhamra á kvöldin og um helgar. Hjá Mosfellsbæ er því um ákveðið ójafnræði að ræða milli íbúa Mosfellsbæjar sem búa innan Eirhamra eða utan þeirra þar sem þjónustan er samþætt af hendi eins aðila til þeirra sem búa að Eirhömrum. Að auki flækir það samskipti vegna mála þegar margir aðilar sinna þjónustu við einstaklingana. Þannig getur sami einstaklingurinn sem búsettur er í Mosfellsbæ utan Eirhamra fengið heimþjónustu frá þremur aðilum sama daginn; starfsmaður Eir veitir stuðningsþjónustuna, starfsmaður HH kemur inn á daginn og sinnir hjúkrunarverkum og starfsmaður velferðarsviðs Reykjavíkur kemur um kvöldið og sinnir einnig hjúkrunarverkum. Þessir þrír þjónustuaðilar geta ekki endilega skipst á nauðsynlegum upplýsingum um líðan, heilsufar og meðferð einstaklings hafi samþykkisblað þess efnis ekki verið undirritað.



### Kostnaður þjónustu við aldraða

Eins og sjá má í töflunni á næstu blaðsíðu er kostnaður á hvern aldraðan íbúa mismunandi milli sveitarfélaga, en þar eru fengnar tölur frá árinu 2021. Hæstur var kostnaður í Reykjavík, en þar er sveitarfélagið að sinna heimahjúkrun til aldraðra samkvæmt samningi þar um og því ekki óeðlilegt að kostnaður þar sé mun hærri en annars staðar. Næst hæstur kostnaður var á Seltjarnarnesi, 208.000 kr. á hvern íbúa á árinu en þar á eftir kom Mosfellsbær með 188.000 kr. á ári pr. íbúa. Lægstur var kostnaðurinn hins vegar í Garðabæ, rúmar 90.000 kr. Inni í tölum Mosfellsbæjar er rekstur þjónustumiðstöðvarinnar að Eirhömrum, stuðningsþjónusta, akstursþjónusta, heimsending á mat, félagsstarf, og niðurgreiðsla fasteignagjalda. Af þeim 234 m.kr. sem fóru í þjónustu við eldri borgara voru 112 m.kr. greiddar til Eirar vegna stuðningsþjónustu.

Eitt af markmiðum með samþættingu þjónustu ætti að vera að skoða hvort hægt væri að veita þjónustuna með hagkvæmari hætti en nú er gert og er því mikilvægt að halda utan um fjárhagslega mælikvarða meðan á verkefninu stendur og taka reglulega út.

**Þjónusta við aldraða árið 2021**

Sveitarfélag	Kostnaður	Fjöldi aldraðra	Kostn. pr. íbúa
Reykjavík	5.863.183.000	16.218	361.523
Kópavogur	656.597.000	5.166	127.100
Seltjarnanes	153.116.000	736	208.038
Garðabær	224.454.000	2.476	90.652
Hafnarfjörður	497.889.000	3.300	150.875
Mosfellsbær	235.795.000	1.254	188.034

Heimildir: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofan

**Næstu skref**

Eir hjúkrunarheimili sinnir stuðningsþjónustu fyrir Mosfellsbæ á grundvelli samnings þar að lútandi frá árinu 2007. Sá samningur er án lokadagsetningar en með heimild til endurskoðunar árlega. Eir er einnig með samning við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um veitingu heimahjúkrunar til íbúa Eirhamra. Á grundvelli þessara tveggja samninga hittust fulltrúar Mosfellsbæjar, Eirar og HH á fundi 26. júní sl. til að ræða mögulega umsókn vegna tilraunaverkefnisins *Förum alla leið*. Var þar ljóst að vilji væri til þess hjá aðilunum að stíga næstu skref í umsóknarferlinu en taka myndi þurfa samtal við Reykjavíkurborg varðandi þá þjónustu sem velferðarsvið borgarinnar veitir íbúum Kjalarness sem og Mosfellsbæjar.

Óformleg fyrirspurn var send á sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um hvort vilji væri að Kjalarnes og kvöldþjónusta heimahjúkrunar myndu færast yfir í tilraunaverkefni Mosfellsbæjar. Fékk fyrirspurnin jákvæð viðbrögð. Samþykki bæjarráð að sækja um í tilraunaverkefninu þyrfti að senda formlega beiðni til Reykjavíkur þar að lútandi.

Þar sem Eir er nú þegar samningsaðili við Mosfellsbæ um stuðningsþjónustu og HH um heimahjúkrun liggur beinast við að Eir yrði framkvæmdaraðili samþættrar heimaþjónustu fyrir aðilana og telja fulltrúar Eirar að þau geti sinnt verkefninu.

Umsóknarfrestur í verkefnið er til 1. september, en eins og sjá má í fylgiskjali nr. 3, umsóknareyðublaðinu, er gert ráð fyrir ítarlegum upplýsingum með umsókninni sem hægt væri að senda eftir að umsóknin berst ráðuneytinu.

Verði umsóknin samþykkt verður samningur um verkefnið, m.a. er lýtur að þjónustu við íbúa Kjalarness og Kjósarhrepps lagður fyrir bæjarráð til samþykktar.

**Hugsanlegur ávinningur verkefnisins**

Ekki er gert ráð fyrir að kostnaðarauki verði hjá Mosfellsbæ við þátttöku í verkefninu þar sem um er að ræða stuðningsþjónustu sem sveitarfélagið er þegar að greiða fyrir til Eirar. Kostnaður vegna íbúa Kjalarness yrði áfram borinn af Reykjavíkurborg og HH.

Mögulegur ávinningur við verkefnið er samþætting og þar af leiðandi betri þjónusta til allra íbúa sveitarfélagsins, þar sem heimahjúkrun og stuðningsþjónusta yrði veitt af einum aðila sem getur þá haldið utan um þá heildarþjónustu sem viðkomandi hlýtur. Þetta skapar aukið jafnræði í þjónustu til íbúa. Til að halda utan um þennan ávinning er mikilvægt að framkvæma reglulegar kannanir hjá notendum þjónustunnar á meðan á verkefninu stendur.

Mögulega getur einnig átt sér stað fjárhagsleg hagræðing við að veita samþætta heimaþjónustu til allra íbúa Mosfellsbæjar sem og á stærra þjónustuvæði og því er nauðsynlegt að setja inn fjárhagslega árangursmælikvarða og fylgja þeim einnig eftir reglulega.

Virðingarfyllst,  
Sigurbjörg Fjölisdóttir

**Fylgiskjöl:**

1. Þjónustusamningur Mosfellsbæjar og Eirar frá 2007
2. Auglýsing vegna tilraunaverkefnis *Förum alla leið* frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.
3. Umsóknareyðublað vegna tilraunaverkefnisins.